

Náttúra í nýrri stjórnarskrá

Ólafur Páll Jónsson

heimspekingur og stjórnarmaður í Náttúruverndarsamtökum Íslands

Í tillögum að nýrri stjórnarskrá eru fimm greinar um náttúru, umhverfi og dýravernd. Þær eru meðal helstu nýjunga í drögunum og þær greinar sem hvað mest hafa verið gagnrýndar. Málefnalegasta gagnrýnin hefur komið frá Láru Magnúsardóttur, sagnfræðingi, en í grein í *Fréttablaðinu* („Mannréttindi og mannamál“ 4. október) og lengri grein á heimasíðu Rannsóknaseturs HÍ á Norðurlandi vestra setur hún m.a. fram og rökstyður áhugaverða gagnrýni á þessar hugmyndir. Ég er sammála Láru um að náttúrunni verði ekki eignuð mannréttindi, en ég er ósammála því að réttindahugtakið geti ekki náð yfir náttúru og að orðalagið „Öllum ber að virða [náttúruna] og vernda“ í 33. gr. sé hæpið.

Náttúra, réttur og skyldur

Hvað eru réttindi? Hugtakið um réttindi vísar ævinlega til þriggja þátta: (a) handhafa, þ.e. þess sem hefur réttinn, (b) inntaks, þ.e. þess sem rétturinn nær yfir, og (c) þess sem rétturinn beinist að. Ef við tökum tjáningarfrelsi á Íslandi sem dæmi, þá eru handhafar þess allir íslenskir borgarar, inntakið er möguleikinn á að tjá sig og rétturinn beinist einkum gegn ríkisvaldinu. Þetta þýðir að ríkisvaldinu ber skylda til að hindra ekki borgarana í að tjá sig. Einnig má spyrja hvernig rétturinn sé til kominn, þ.e. hver sé grundvöllur réttarins. Grundvöllur réttar getur t.d. verið samningur, loforð eða siðferðilegar skuldbindingar.

Sé mannréttindahugtakið skilið pólitískum skilningi þá er grundvöllurinn samningur borgaranna sín á milli. Þar sem náttúran getur ekki verið aðili að slíkum samningi getur hún ekki verið handhafi mannréttinda. Af þessu leiðir þó ekki að mannréttindi séu náttúrunni óviðkomandi því *inntak* mannréttinda getur hæglega varðað náttúruna, eins og virðist vera hugsunin í 33. gr. tillagna stjórnlagaráðs.

Í öðru lagi getur handhafi réttinda útvíkkað það svið sem réttindin ná til. Gera má greinarmun á því að hafa skyldu *við* eitthvað og að hafa skyldu *gagnvart* einhverju. Ef ég lofa að passa hund nágranna míns, þá tek ég á mig margvíslegar skyldur gagnvart hundinum, jafnvel þótt grundvöllur þeirra skyldna sé loforð sem ég geri við nágranna

minn en ekki hundinn. Á hundurinn rétt á því að fá að éta? Ég held að hann eigi það, og sem meira er, hann á rétt á því að ég gefi honum að éta. Það er ekkert dularfullt við slíkan rétt dýrs. Það er hins vegar ekki víst að slíkan rétt megi víkka út til jurta, vistkerfa eða dauðra hluta. Hvar mörkin liggja veit ég ekki, en mér virðist að hundur geti haft slíkan rétt.

Það dregur varla nokkur í efa að „náttúra Íslands [sé] undirstaða lífs í landinu“ (33. gr.). Því er ekki óeðlilegt að í stjórnskipunarlægum lofum við hvert öðru að „virða [náttúruna] og vernda“ eins og segir í næstu setningu. Ef við gerum þetta, þá höfum við skyldur gagnvart náttúrunni og þar með höfum við veitt náttúrunni rétt. Rétturinn er að vísu afleiddur réttur, þ.e. réttur sem fólk hefur veitt náttúrunni með skynsamlegu loforði um að hlúa að þessari forsendu mannlægs lífs.

Göfgi

Lára gerir athyglisverðan samanburð á íslenskum útgáfum Mannréttindayfirlýsingarinnar og enskri, franskri og danskri. Í ljós kemur að í íslensku útgáfunum er verulegur losarabragur á orðalagi. Lára skoðar sérstaklega það sem á ensku er kallað „dignity“ en er ýmist þýtt sem „virðing“, „göfgi“ eða „mannsæmandi“. Þennan losarabrag rekur hún, réttilega að mínu viti, til skorts á íslenskri heimspekilegri hefð. Þetta er bagalegt þar sem „dignity“ er grundvallarhugtak í allri umfjöllun um mannréttindi.

Meðal heimspekinga eru að minnsta kosti tvær ólíkar hefðir sem leggja ólíkan skilningi í hugtakið „dignity“. Annars vegar er hefð sem rekja má til þýska heimspekingsins Immanuel Kant, en samkvæmt honum er „dignity“ – sem hann kallar „Würde“ – bundið skynsemisverum eins og mönnum. Hins vegar er aristótelísk hefð en samkvæmt henni er lítið svo á að heimurinn geymi margskonar „animal dignity“ – margskonar dýrslega göfgi – sem verðskuldi virðingu (e. *respect*). Sú sérstaka göfgi sem einkennir menn er tengd mannlegri skynsemi í aristótelísku hefðinni, en innan þeirrar hefðar er ekki lítið á dýrseðlið sem andstætt skynseminni heldur sem einn þátt hennar. Ef göfgi getur verið uppspretta réttar, þá leyfir hin aristótelíska hefð að dýr hafi sjálfstæðan rétt þótt sá réttur geti ekki verið mannréttindi.

Frelsi og mörk

Mannréttindakaflinn hefst á greinum um frelsi borgaranna. Það er eðlilegt því um leið og borgararnir afsala sér réttindum til ríkisvalds, þá er mikilvægt að afmarka valdsvið ríkisvaldsins og áréttu frelsi hvers eintaklings. En mannlegt líf er náttúrulegt líf og líf í

náttúru þótt sjálf hugmyndin um náttúru vilji tynast í heimi sem er undirlagður af menningu og tæknilegu skipulagi. Ég hef orðað það svo að við séum stundum slegin náttúrublindu (*Náttúra, vald og verðmæti*, kafli 2). Þess vegna er einnig mikilvægt að við sem þjóð – bæði borgarar hins íslenska ríkis og ríkisvaldið sjálft – setjum okkur mörk sem virða náttúrulegar kringumstæður mannsins á jörðinni.